

Atvinnuveganefnd
Nefndarsvið Alþingis
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 5. júní 2024
2024-147/00.11

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030

Vísað er til umsagnarbeiðni sem barst frá atvinnuveganefnd Alþingis þann 22.05.2024. Um er að ræða tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030.

Landsvirkjun fagnar þeim metnaði í sjálfbærni og orkuskiptum sem sett eru fram í þingsályktunartillögunni og eru þar gegnumgangandi. Þó er bent á nauðsyn þess að gæta að stóru myndinni hvað varðar samspil endurnýjanlegrar orkuvinnslu og loftslagsmarkmiða en aukin framleiðsla og nýting endurnýjanlegrar orku er grundvöllur þess að loftslagsmarkmiðum s.s. orkuskiptum verði náð.

Landsvirkjun ítrekar að ferðaþjónusta og endurnýjanleg orkuvinnsla eru ekki andstæður heldur greinar sem styðja við og styrkja hvor aðra. Má þar nefna umfangsmiklar samgöngubætur og önnur jákvæð hliðaráhrif virkjanauppbyggingar ásamt jákvæðri ímynd Íslands sem lands endurnýjanlegrar orku og áhuga erlendra ferðamanna á slíkri orkunýtingu. Landsvirkjun hefur áralanga reynslu af farsælu samstarfi með Vatnajökulspjóðgarði og Þingvallahljóðgarði þar sem saman fara hagsmunir ferðaþjónustu, orkunýtingar og náttúruverndar. Að mati Landsvirkjunar eru góð samskipti grundvöllur fyrir slíku samstarfi og mikilvægt að gæta þess að hagsmunaaðilar hafi skýran vettvang til samstarfs og samráðs.

Landsvirkjun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri hvað varðar aðgerðaráætlun ferðamálastefnu:

- Taka þarf tillit til sérstöðu Íslands sem lands endurnýjanlegrar orku við ímyndarsköpun og markaðssetningu landsins sem áfangastaðar. Endurnýjanleg orkuvinnsla dregur ekki úr áhuga erlendra ferðamanna heldur styrkir ímyndarsköpun landsins.
- Gæta þarf að skýrt verði hvað teljist áfangastaður með tilheyrandi skyldum umsýjaraaðila. Mikilvægt er að aðilar geri sér fulla grein fyrir ábyrgð og skyldum.
- Mikilvægt er að samráð verði haft við hagsmunaaðila til að gefa aðilum færi á aðlögun síns reksturs að breyttu ferðamunstri vegna álagsstýringar.
- Taka þarf tillit til þess að markmið um hröðun orkuskipta grundvallast á aukinni raforkuframleiðslu. Enn fremur væri æskilegt að leggja áherslu á uppbyggingu innviða s.s. hleðsluinnviða og rafmagnslína í dreifbýli.
- Tekið er undir mikilvægi þess að greina og vakta loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á ferðaþjónustu. Landsvirkjun býr yfir rannsóknum og greiningum þar að lútandi og býður fram þau gögn sé þess óskað.

Hér á eftir má finna nánari umfjöllun um athugasemdir Landsvirkjunar.

Taka þarf tillit til sérstöðu Íslands sem lands endurnýjanlegrar orku við ímyndarsköpun og markaðssetningu landsins sem áfangastaðar. Endurnýjanleg orkuvinnsla dregur ekki úr áhuga erlendra ferðamanna heldur styrkir ímyndarsköpun landsins.

Í aðgerð B.2 *Markviss og viðvarandi markaðssetning á Íslandi sem áfangastaðar ferðamanna* er fjallað um ímynd og orðspor Íslands sem leiðandi í sjálfbærri þróun og sem eftirsóknarverðs áfangastaðar. Í því samhengi bendir Landsvirkjun á þau tækifæri sem felast í sérstöðu Íslands sem lands endurnýjanlegrar orku. Fyrirtækið telur

mikilvægt að gætt sé að þeirri sérstöðu við markaðssetningu og ímyndarsköpun landsins sem áfangastaðar.

Það er skoðun Landsvirkjunar að ferðaþjónusta og endurnýjanleg orkuvinnsla séu greinar sem styðja við og styrkja hvor aðra. Viðhorf erlendra ferðamanna til endurnýjanlegrar orkuvinnslu á Íslandi er afar jákvætt en samkvæmt skoðanakönnun sem Gallup vann fyrir Landsvirkjun í desember 2022 kom fram að næstum því allir erlendir ferðamenn, eða yfir 96%, hafa jákvætt viðhorf til endurnýjanlegra orkugjafa og yfir 70% aðspurðra í Leifsstöð sögðu að græna orkan hefði jákvæð áhrif á upplifun þeirra af náttúru landsins. Innan við 1% aðspurðra töldu að græn orkuvinnsla hefði neikvæð áhrif. Þá hafa kannanir sem unnar hafa verið í nágrenni Blönduvirkjunar og á Kröflusvæðinu einnig staðfest áframhaldandi aðdráttarafli svæðanna.

Landsvirkjun leggur áherslu á að almenn sátt ríki um starfsemi fyrirtækisins, ekki síst í nærsamfélögum virkjana þess. Fyrirtækið leggur sig sérstaklega fram um að skilja væntingar og þarfir þeirra og að hafa jákvæð áhrif út fyrir grunnstarfsemi sína. Fyrirtækið leggur sig fram við að eiga í góðum og virkum samskiptum við nærsamfélögin, auk þess sem Landsvirkjun leitast í sífellu tækifæra til aukinnar samvinnu og samsköpunar. Jákvæð áhrif af sambúð við Landsvirkjun, önnur en bein fjárhagsleg áhrif, eru margvísleg.

Í tengslum við virkjanaupbyggingu hefur fyrirtækið lagt rúmlega 640 km af vegum og brúm en það samsvarar um helmingi af þjóðvegi 1. Þessar samgöngubætur tengja fólk, samfélög og sveitarfélög saman og opna leiðir inn á áður torsótt svæði, ekki síst að náttúruverjum á hálendi Íslands. Vegir og brýr hafa aukið verulega tækifæri í ferðaþjónustu og má nefna að gífurlegur fjöldi erlendra ferðamanna ferðast um Þjórsárdal og inn á Sprengisand, um vegi sem Landsvirkjun lagði í tengslum við virkjanaupbyggingu á svæðinu. Breytingar á náttúruferjum samhliða virkjanaupbyggingu geta einnig haft jákvæð hliðaráhrif á ferðaþjónustu en nefna má að fyrir tilstuðlan slíkrar uppbyggingar eru Hrauneyjafossar í Sigöldugili og Stuðlagil í Jökulsá á Dal vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Virkjanir geta einnig haft jákvæð áhrif á laxveiði o.fl. en eftir virkjanafurkvæmdir eru Jökulsá á Dal og Blanda tærar bergvatnsár stóran hluta ársins. Í dag eru báðar þessar ár miklar laxveiðiár og í kringum þær hefur byggst heilmikil atvinnustarfsemi tengd laxveiði.

Gæta þarf að skýrt verði hvað teljist áfangastaður með tilheyrandi skyldum umsjónaraðila. Mikilvægt er að aðilar geri sér fulla grein fyrir ábyrgð og skyldum.

Í aðgerð C.4 *Ábyrgð umsjónaraðila áfangastaða* er fjallað um að greina þurfi ábyrgð umsjónaraðila áfangastaða og hvort auka þurfi kröfur til þeirra. Er þá vísað til atriða s.s. náttúruverndar, þjónustu, aðbúnaðar starfsfólks, auk gæða og öryggis gesta. Velt er upp spurningum um hvort munur eigi að vera á ábyrgð eftir því hvort tekið sé gjald eða ekki.

Landsvirkjun bendir í þessu samhengi á að mikilvægt sé að í þeirri vinnu sem er fram undan sé skýrt hvað teljist áfangastaður ferðamanna. Má t.d. benda á útilistaverk eða manngerð náttúruvætti s.s. fossa og gljúfur. Listaverk er að finna við flestar aflstöðvar Landsvirkjunar og er Sigöldugljúfur dæmi um vinsælt manngert náttúruvætti. Mætti einnig minnst á skilti og upplýsingar sem finna má á og nærri rekstrarsvæðum. Landsvirkjun óskar eftir að þess verði gætt að fyrirtækið teljist sem hagsmunaaðili í þessu ferli. Þess verði einnig gætt að samráð verði haft við hagsmunaaðila og það tryggt að raddir þeirra heyrast.

Mikilvægt er samráð verði haft við hagsmunaaðila til að gefa aðilum færi á aðlögun síns rekstrar að breyttu ferðamunstri vegna álagsstýringar.

Í aðgerð D.2 *Innleiðing álagsstýringar á áfangastöðum ferðamanna* er sett fram markmið um að stýra og jafna álag til verndunar náttúru, menningarminja og innviða ásamt því að koma í veg fyrir neikvæða upplifun gesta. Landsvirkjun styður þetta markmið en bendir um leið á það að slík álagsstýring kunnir að hafa hliðaráhrif og leiða til fjölgunar ferðamanna á öðrum svæðum, þ.m.t. starfssvæðum Landsvirkjunar. Sem dæmi um slíkt mætti nefna aukna ásókn ferðamanna í gestastofur Landsvirkjunar vegna salernisaðstöðu eða aukna ásókn á rekstrarsvæði orkuvinnslu sem skapað gæti hættu fyrir ferðamenn.

Landsvirkjun telur þannig mikilvægt að í þessari vinnu sé þess gætt að samráð verði haft við hagaðila og að tekið verði tillit til hliðaráhrifa. Landsvirkjun óskar enn fremur eftir því að fyrirtækið teljist sem hagsmunaaðili vegna mögulegra hliðaráhrifa álagsstýringar.



Taka þarf tillit til þess að markmið um hröðun orkuskipta grundvallast á aukinni raforkuframleiðslu. Enn fremur væri æskilegt að leggja áherslu á uppbyggingu innviða s.s. hleðsluinnviða og rafmagnslínur í dreifbýli.

Í aðgerð D.6 *Orkuskipti í ferðaþjónustu* er fjallað um markmið um hröðun orkuskipta í ferðaþjónustu og þar með samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Landsvirkjun áréttar að samhliða slíkri markmiðasetningu þarf að gera ráð fyrir aukinni raforkuframleiðslu eigi markmiðin að ná fram að ganga.

Landsvirkjun bendir einnig á að mikilvægt sé að vinna að langtímastefnu í uppbyggingu innviða s.s. hleðsluinnviða og rafmagnslína í dreifbýli en rekstur hleðslustöðva er orkufrek starfsemi sem krefst öflugra og tryggra innviða.

Tekið er undir mikilvægi þess að greina og vakta loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á ferðaþjónustu. Landsvirkjun býr yfir rannsóknnum og greiningum þar að lútandi og býður fram þau gögn sé þess óskað.

Í aðgerð D.7 *Aðlögun að loftslagsbreytingum* er fjallað um vöktun og greiningu á áhrifum loftslagsbreytinga á ferðaþjónustuiðnaðinn. Landsvirkjun telur þessa aðgerð skynsamlega nálgun en ljóst er að umhverfi okkar mun taka miklum breytingum á næstu árum og áratugum. Fyrirséð er að hálendi Íslands mun breytast umtalsvert og má þar nefna aukna jöklabráðnun ásamt breytingum á veðurfari og gróðri. Vegna starfsemi sinnar vaktar Landsvirkjun ýmsar breytingar vegna loftslagsáhrifa, s.s. bráðnun jökla. Fyrirtækið býr yfir gögnum og vitneskju og er reiðubúið að deila þeim upplýsingum sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Ólafur Arnar Jónsson
Forstöðumaður nærsamfélags og náttúru